



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



POŠCHNER STJORNAR BRUCKNER

23. MARS 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Sinfónía nr. 8: 80'

Vinsamlegast athugið að ekkert hlé er á tónleikunum.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



Reykjavíkurborg

FIM 23 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

POSCHNER STJÓRNAR BRUCKNER

Markus Poschner
hljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Anton Bruckner

Sinfónía nr. 8 í c-moll (1887/1890)

Allegro moderato

Scherzo. Allegro moderato – Trio. Langsam

Adagio. Feierlich langsam, doch nicht schleppend

Finale. Feierlich, nicht schnell

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
[en/sinfonia.is](https://www.en/sinfonia.is)



MARKUS POSCHNER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Markus Poschner er einn eftirtektarverðasti hljómveitarstjóri Þýskalands. Hann var nýverið ráðinn aðalstjórnandi Bruckner-hljómveitarinnar í Linz og tekur við starfi sínu þar haustið 2017. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Svissnesku útvarpshljómveitarinnar (Orchestra della Svizzera Italiana) haustið 2015 en hefur einnig verið aðalstjórnandi Fílharmoníuhljómveitarinnar og Óperunnar í Bremen frá árinu 2007. Hann var aðalgestastjórnandi Fílharmoníunnar í Dresden frá 2011–2014 og stjórnaði þar meðal annars öllum sífóníum Beethovens við góðar undirtektir.

Poschner er framúrskarandi djasspíanisti en hefur einnig lagt sig eftir að stjórna Vínarklassík, allt frá sífóníum Beethovens til óperettutónlistar eftir Strauss-fedga og hefur túlkun hans vakið alþjóðlega athygli. Poschner er tónleikagestum á Íslandi að góðu kunnur en hann hefur stjórnað Sífóníuhljómveitinni þrisvar sinnum áður, fyrst á Vínartónleikum sveitarinnar með Díselli Lárusdóttur 2009 en síðan m.a. í Mahler-veislu með sænsku sópransöngkonunni Camillu Tilling í Hörpu árið 2011.

Poschner hefur stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum meðal annars við Bæversku ríkisóperuna og Kölmaróperuna en Poschner var um árabíl einn af aðalstjórnendum Komische Oper í Berlín og hlaut mikið lof fyrir störf sín þar. Poschner hefur einnig stjórnað flutningi á óperunni *Fidelio* eftir Beethoven með Fílharmoníunni í Dresden. Hann hefur meðal annars komið fram sem gestastjórnandi hjá Fílharmoníusveitinni í München, Sífóníuhljómveitunum í Bamberg og Berlín og útvarpshljómveitunum í Köln og München.

Markus Poschner er fæddur í München 1971. Hann nam við tónlistarháskólann þar í borg og aðstoðaði síðar stjórnendurna Sir Roger Norrington og Sir Colin Davis. Poschner hreppti Þýsku hljómveitarstjóraverðlaunin árið 2004 og tók við stöðu heiðursprófessors í tónvísindum við tónlistarháskólann í Bremen árið 2010.



ANTON BRUCKNER

SINFÓNÍA NR. 8

Anton Bruckner (1824–1896) var um margt eitt af óvenjulegustu tónskáldum 19. aldar. Hann var fæddur í smáporpi nærri Linz í Austurríki og hóf feril sinn sem organisti við Florian-klaustrið þar í grennd. Bruckner var þrjátíu og eins árs gamall þegar hann hóf tónsmíðanám og var kominn á fimmtugsaldur þegar hann fluttist til Vínarborgar. Þar hlotnaðist honum kennarastaða við Tónlistarháskólann árið 1868. Bruckner þótti sveitalegur í framkomu alla tíð og var þjakaður af minnimáttarkennd gagnvart eigin tónsmíðum, sem meðal annars birtist í linnulausum endurgerðum hans á verkum sínum. Þá var hann einlægur trúmaður á tímum þegar fleiri listamenn sóttu innblástur í persónulega reynslu en til æðri máttarvalda. Merki þess má heyra í flestum verka hans, ekki eingöngu þeim sem samin eru fyrir trúarleg tækifæri.

Síðari hluti 19. aldar einkenndist af árekstrum og illvígum deilum milli tveggja hópa tónlistarmanna – þeim sem aðhylltust „hreina“ eða „absólút“ tónlist annars vegar, og forvígismanna hinnar nýju framtíðartónlistar (*Zukunftsmusik*) hins vegar. Í fyrri hópnum var m.a. Johannes Brahms ásamt hinum áhrifamikla gagnrýnanda Eduard Hanslick, en Franz Liszt og Richard Wagner boðuðu nýja tíma með tónaljóðum sínum og óperum. Bruckner var ávallt skipað í hóp með Wagneristum enda þótt tónlist hans byggði að mörgu leyti á allt öðrum forsendum, til dæmis með því að nota hið hefðbundna símfóníska form. Áhrifa Wagners gætir engu að síður víða enda dáði Bruckner hann öðrum mönnum fremur.

Áttunda símfónía Bruckners var hin síðasta sem hann lauk við að fullu; honum entist ekki aldur til að ganga frá lokapætti þeirrar níundu. Bruckner hóf að leggja drög að fyrsta kaflinum sumarið 1884. Þá virtist sem sú almenna viðurkenning sem hann hafði lengi dreymt um væri loks í sjónmáli. Sjöunda símfónían hafði til dæmis hlotið góðar viðtökur í Leipzig undir stjórn Arthurs Nikisch og næstu misserin var hún flutt í öllum helstu tónlistarborgum Evrópu. Undir lok ársins 1885 var áttunda símfónían tilbúin í stórum dráttum en Bruckner tók sér tvö ár til viðbótar til að fínþússa hana og lagfæra hljómsveitarútsetninguna. Það var ekki fyrr en í september 1887 sem Bruckner ritaði hljómsveitarstjóranum Hermann Levi og færði honum fregnina um nýtt tónverk: „Halelúja! Loksins er áttunda símfónían fullgerð ... Megi henni verða vel tekið!“ Levi var hirðhljómsveitarstjóri í München og hafði m.a.

stjórnað frumflutningnum á *Parsifal* eftir Wagner í Bayreuth. Bruckner vonaðist til þess að Levi myndi stýra fyrsta flutningi á hinu nýja verki sínu enda hafði Levi þegar flutt *Te Deum* og sjöundu sinfóníu Bruckners. Að mati Bruckners var Levi sá tónlistarmaður sem skildi tónlist hans best.

Viðbrögð Levis hefðu ekki getað valdið tónskáldinu meiri sársauka. Levi þótti áttunda sinfónían of langdregin og framvindan sérkennileg, og lýsti því yfir að hann myndi aldrei stjórna henni. Sjálfsálit Bruckners varð að engu og hann var á barmi taugaáfalls svo vikum skipti. Þegar hann var orðinn vinnufær á nýjan leik var minnimáttarkennd hans slík að hann ákvað að endursemjja fyrri sinfóníur sínar í þeirri von að „lagfæringarnar“ yrðu til að auka vinsældir þeirra. Á fjórum árum, frá 1887 til 1891, endurskoðaði Bruckner fyrstu fjórar sinfóníur sínar, auk þeirrar áttundu. Það flækir málið enn frekar að Bruckner stóð ekki einn að þessum meintu endurbótum heldur létu þrír nemendur hans einnig mjög til sín taka í þeim efnum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hinar stóru sinfóníur Bruckners heyra fremur sjaldan á Íslandi og sú áttunda hefur aðeins einu sinni verið flutt hér á landi á tónleikum. Það var í Háskólabíói í febrúar 2005 og þá hélt Petri Sakari um tónsprotann. Sinfónía eftir Bruckner hljómaði fyrst hér á landi á tónleikum í Þjóðleikhúsinu árið 1960. Þá var það Róbert Abraham Ottósson sem stjórnaði fjórðu sinfóníu meistarans.

Árangurinn var vægast sagt misjafn. Í dag er það samdóma álit manna að þegar Bruckner hafi endurskoðað eigin hugmyndir hafi það oft verið til bóta, en að nemendur hans hafi aftur á móti sjaldnast ratað á lausnir sem tóku frumgerðinni fram. Árið 1890 fóru Bruckner og nemandinn Josef Schalk í gegnum þá áttundu og breyttu ýmsum atriðum smáum og stórum. Meðal þess sem Bruckner samdi upp á nýtt var niðurlag fyrsta þáttar, sem endaði þrumusterkt (*fortissimo*) í fyrri útgáfunni en lýkur ofurveikt í hinni seinni. Á tónleikunum í kvöld verður flutt svokölluð Nowak-útgáfa á sinfóníunni, þ.e. gerðin frá 1890.

Tónlist Bruckners lýtur öðrum lögmálum en verk annarra tónskálda. Hún þróast hægt og nálgast það að vera kyrrstæð á köflum, en einmitt þess vegna er hún svo viðamikil og stórfengleg. Það er oft sagt um sinfóníur Bruckners að þær minni á dómkirkjur í tónum og það á ekki síst við um síðustu sinfóníurnar þrjár. Fyrsti þáttur hinnar áttundu byrjar veikt, á tremolói í fiðlum og löngum horntónum. Strengir kynna til sögunnar stef sem byrjar veikt en vex í styrkleika með hverri hendingu. Þeir sem þekkja upphafið að Níundu sinfóníu Beethovens taka kannski eftir að rytmi upphafsstefsins er nákvæmlega sá sami og hjá Beethoven – og hugmyndin að byrja sinfóníu ofurveikt er vitaskuld einnig þaðan komin.

Fram að áttundu sinfóníu sinni hafði Bruckner fylgt hefðbundinni forskrift varðandi kaflaskipan slíkra verka. Annar kafla var hægur en þriðji kafla var hratt og létt *scherzo*. Í áttundu sinfóníunni víxlar Bruckner innri köflumum tveimur – og aftur má segja að hann feti í fótspor Níundu sinfóníu Beethovens þar sem kaflarnir eru einnig í þessari röð. Bak við tónana býr einhver dulin ógn sem hverfur þó um stundarsakir í tríóinu um

miðbik þáttarins. Þar býður Bruckner okkur inn í hljóðheim sem ekki hefur heyrst áður í verkinu; fiðlur leika blíðar hendingar og eftirminnilegt stef heyrir í hornum við töfrandi undirleik hörpunnar.

Hægi kaflinn er lengsti þáttur símfóníunnar og jafnframt tilfinningaleg þungamiðja hennar. Við erum stödd í heimi kyrrlátrar íhugunar. Aðalstefið vex úr einum tóni í fiðlum en Bruckner tekst að halda þræðinum gangandi í næstum hálfklukkustund. Lokapátturinn er þróttmikill, með völdugum stefnum málmblásara. Bruckner byggir hápunkta sína af mikilli kostgæfni og hér sem mynda lokataktarnir stórfenglegan hápunkt verksins alls. Helstu stef verksins – úr öllum þáttunum fjórum – snúa aftur og mynda völduga heild. Að endingu renna línurnar saman í eina, og ólíkt hæglatu hvísli fyrsta þáttar lýkur símfóníunni á því að hljómsveitin öll leikur upphafsstefið með þrumandi krafti.

Árni Heimir Ingólfsson



OSMO VÄNSKÄ ÚTNEFNDUR HEIÐURSTJÓRNANDI SINFÓNÍUNNAR

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä var í síðustu viku útnefndur heiðursstjórni Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur gegnt stöðu aðalgeststjórna frá árinu 2014 en var einnig aðalstjórni hljómsveitarinnar á árunum 1993-96. Frammistaða Vänskä með hljómsveitinni hefur vakið mikla eftirtekt og er það mat manna að hann lyfti sveitinni í nýjar hæðir með túlkun sinni. Af þessu tilefni sagði hann:

Ég er mjög ánægður að vera tengdur Sinfóníuhljómsveit Íslands og þessu frábæra landi. Mér þykir mjög vænt um þessa hljómsveit og Hörpu, mér finnst Harpa einhver stærsta gjöf sem íslensku menningarlífi hefur verið færð og þá ekki aðeins fyrir tónlistarlífið heldur menningarlífið í heild.

Vänskä hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum heims og hefur verið aðalstjórni Minnesota-hljómsveitarinnar frá árinu 2003. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með þeirri sveit, hefur m.a. hljóðritað allar sínfónúr Beethovens og um þann flutning sagði gagnrýnandi New York Times að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma.“ Vänskä hefur hljóðritað fyrir sænska forlagið BIS um áratugaskeið, meðal annars tvo hljómdiska með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hafa hlotið afbragðs dóma á heimsvísu.

Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands segir:

Osmo Vänskä er einn af þeim hljómsveitarstjórum sem hefur stuðlað hvað mest að listrænni þróun hljómsveitarinnar. Sem aðalhljómsveitarstjóri árin 1993-1996 sýndi hann hljómsveitinni hvað í henni bjó og setti henni háleit listræn markmið. Við vildum heiðra Osmo og hans störf með hljómsveitinni og því er það gleðiefni að hann hafi þegið stöðu heiðursstjórna Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sem slíkur er tryggt að hljómsveitin mun eiga í nánu samstarfi við hann um ókomna tíð. Fyrir er Vladimir Ashkenazy aðalheiðursstjórni. Það er mögulega þroskamerki hjá hljómsveitinni að tveir heiðursstjórnendur séu nú tengdir starfi hennar, en varla er hægt að hugsa sér betri liðsstyrk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á DÖFINNI

FIM 30 MAR 19:30



ENIGMA-TILBRIGÐIN

Kanadíska fiðluleikarinn James Ehnes vakti verðskuldaða Kathygli íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto í Hörpu haustið 2014. Þessi fiðlusnillingur hefur hlotið bæði Grammy- og Gramophone-verðlaun, auk þess sem gagnrýnendur um allan heim hafa ausið hann lofi. Ehnes mun leika hinn ljóðræna og síðrómantíska konsert bandaríska tónskáldsins Samuels Barber, sem kunnastur er fyrir tónsmíð sína *Adagio fyrir strengi*. *Enigma-tilbrigði* Elgars eru magnþrungin hljómsveitarverk. Eitt tilbrigðanna, Nimrod, hefur notið sérstakrar hylli og margir muna eftir því úr leikritinu *Abel Snorko býr einn*, sem sýnt var við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FIM 27 APR 19:30



BRUCH OG BRAHMS

Boris Belkin er heimskunnur fyrir tilfinningaþrunginn fiðluleik af „rússneska skólanum“. Hann kom fyrst fram opinberlega aðeins sjö ára gamall og hreppti gullið í fiðlukeppni Sovétríkjanna árið 1973, en flýði skömmu síðar til Vesturlanda. Belkin hefur átt gifturíkt samstarf við Vladimir Ashkenazy um langt árabil. Annar náninn vinur og samstarfsmaður Ashkenazys var íslenska tónskáldið Þorkell Sigurbjörnsson og á tónleikunum hljómar Mistur frá árinu 1972, sem er eitt helsta hljómsveitarverk hans. Lokapunktur tónleikanna myndar svo hin stórfenglega fjórða sinfónía Brahms. Með þessum flutningi lýkur „Brahms-hring“ Ashkenazys, en hann hefur nú stjórnað öllum sinfóníum meistarans á fjórum árum með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

FIM 11 MAI 19:30



FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA

Það gerðist ekki oft að kventónskáld 19. aldar semdu fyrir sinfóníuhljómsveit. Fanny Mendelssohn var hámenntuð tónlistarkona en samdi aðeins eitt hljómsveitarverk, forleikinn sem nú hljómar í fyrsta sinn á Íslandi. Í nýjum lagaflokki sínum tónsetur Haflíði Hallgrímsson ljóð eftir þrjú af helstu skáldum Englands á 18. og 19. öld: Samuel Taylor Coleridge, William Blake og Christinu Rosetti. Þau Helena Juntunen og John Storgárds frumfluttu verkið ásamt Skosku kammersveitinni í febrúar síðastliðnum við lofsamlega dóma gagnrýnanda The Telegraph. Á tónleikunum hljómar einnig sjötta sinfónía Sibeliusar undir stjórn Johns Storgárds.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

23. MARS 2017

1. FIDLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Sólveig Steinþórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Gunnhildur Daðadóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Laufey Jensdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Kristín Þóra Haraldsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Þóra Margrét Sveinsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gyldfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Borgar Magnason
Úlfar Ingi Haraldsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Eugenie Ricard
Brjánn Ingason, kontrafagott

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Sturlaugur Jón Björnsson
Rakel Björt Helgadóttir
Martin Schöpfer
Denise Tryon

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elisabet Waage
Monika Abendroth

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Eggert Pálsson
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheildurstjórnandi*
Osma Vänskä *heildurstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

GJÖF SEM HLJÓMAR VEL



GEFÐU LIFANDI TÓNLIST

Gjafakort Sinfóníuhjónsveitar
Íslands fæst í miðasölu Hörpu.

SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í sinfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra sinfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is